

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

## 9. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 22. október 2008 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

### Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jón Oddsson, Kolviðarnesi.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Halldór Jónsson formaður nefndarinnar bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Fundarstjóri var kosinn Jökull Helgason.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Hrisar í Helgafellssveit, deiliskipulag vatnsaflsvirkjunar, endanleg staðfesting.

Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 25. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Innan tilskilins athugasemdafrests bárust einungis athugasemdir við tillögunni frá Skipulagsstofnun með bréfi dags. 15.09.2008.

Þá bárust athugasemdir frá Umhverfisstofnun með bréfi dags. 06.10.2008 eftir að athugasemdafresti lauk, en síðasti frestur til að gera athugasemdir við tillöguna var 19. september 2008.

Nefndin fellst á þau atriði sem Skipulagsstofnun bendir á í bréfi sínu og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að aðlaga skipulagsgögnin að þeim ábendingum.

Í bréfi Umhverfisstofnunar er bent á að eldhraun njóti verndar skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en ekki 27. grein eins og segir í umhverfisskýrslu. Fram kemur sú skoðun stofnunarinnar að hún telji að fram þurfi að koma hvaðan aðflutt efni verði fengið þ.e.a.s hvort um sé að ræða efni úr námum í rekstri eða hvort opna þurfi nýjar námur. Þá kemur fram sú skoðun Umhverfisstofnunar að hún telji mikilvægt að lagning vegaslóðans frá Snæfellsnesvegi að stöðvarhúsi verði gerð í samráði við hana þar sem miklu máli skipti að leggja hann þannig í landi að yfirborð vegar verði sama og yfirborð nærumhverfis.

Nefndin getur ekki fallist á rök Umhverfisstofnunar um að á þessu stigi málsins þurfi að koma fram hvaðan aðflutt efni verði fengið. Nefndin bendir jafnframt á að á þessu stigi máls sé fyrirhuguð framkvæmd á skipulagsstigi, eftir sé að hanna öll mannvirki virkjunarinnar þ.m.t. vegi en í því ferli koma efnisgæði malar til athugunar sem taka þarf mið af þegar ákveðið verður hvar efni í framkvæmdina veður tekið. Við veitingu framkvæmdaleyfis sem byggir m.a. á deiliskipulags- og hönnunargögnum, mun framkvæmdaraðili, auk annars, þurfa að leggja fram upplýsingar um námumálin.

Í ljósi þess að sveitarfélagið hefur lögbundið eftirlit með byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskildum framkvæmdum við virkjunina þ.m.t. lagningu vegar slóða, telur skipulags- og byggingarnefnd ekki þörf á samráði við Umhverfisstofnun um lagningu vegar slóðans frá Snæfellsnesvegi að stöðvarhúsi.

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

Skipulags- og byggingarnefnd getur því ekki fallist á þær athugasemdir og ábendingar sem Umhverfisstofnun setur fram í bréfi sínu varðandi upplýsingar um námur eða lagningu vegarslóða.

**Nefndin staðfestir deiliskipulagsáætlunina og umhverfisskýrsluna fyrir vatnsaflsvirkjun í Svelgsá í landi Hrísa í Helgafellssveit með áorðnum breytingum sbr. ábendingar Skipulagsstofnunar og beinir því til sveitarstjórnar að staðfesta deiliskipulagið skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.**

**2. Birkilundur 36, breyting.**

Sótt er um leyfi til að breyta afstöðu húss í lóð frá því sem áður var búið að samþykka. Einnig er sótt um breytingu á botnplötu, sem verður steipt en var áður timburgólf. Byggingarnefndarteikningar voru áður samþykktar þann 28. júlí 2005.  
**Samþykkt.**

**3. Erindi dags. 22.09.2008 frá Gunnari Guðmundssyni, Kársstöðum.**

Sótt er um flutnings- og stöðuleyfi fyrir ca. 60 m<sup>2</sup> sumarhúsi. Húsið er timburhús með rispaki og verður flutt úr Stykkishólmi að Völlum (áður Hrísar). Fyrir er annað hús á jörðinni með stöðuleyfi.  
**Samþykkt að heimila stöðuleyfi til eins árs.**

**4. Erindi dags. 19.10. '08 frá Sævari Inga Benediktssyni, Norðurási, Saurum.**

Sótt er um leyfi fyrir 8 x 13 m bifreiðageymslu með gestarými. Burðarvirki hússins er úr timbri, á steiptum undirstöðum. Fram kom að afstöðumynd vantar af húsinu. Benedikt Benediktsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.  
**Samþykkt.**

**5. Erindi dags. 19.10. '08 frá Agli Valberg Benediktssyni, Birkilundi 43, Saurum.**

Sótt er um leyfi fyrir breytingu á áður samþykktri bifreiðageymslu. Stærð hússins er 8 x 10m = 80,0 m<sup>2</sup>. Burðarvirki hússins er úr timbri, á steiptum undirstöðum. Skv. áður samþykktum byggingarnefndarteikningum átti húsið að vera 56,0 m<sup>2</sup> og steinsteipt. Benedikt Benediktsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.  
**Samþykkt.**

**6. Erindi dags. 23.06.2008 frá Herði Ingólfssyni varðandi landskipti á jörðinni Hrísum.**

Um var að ræða 20 ha spildu norður af landamerkjum Valla og að sjó.  
**Nefndin frestar afgreiðslu málsins og felur byggingarfulltrúa að ræða við umsækjanda um málið.**

**7. Erindi dags. 21.08.2008 frá Herði Ingólfssyni varðandi landskipti á jörðinni Hrísum.**

Um var að ræða annars vegar 25 ha spildu austan Svelgsár, við landamerki Valla. Hinsvar var um að ræða 14 spildur, 1,0 – 3,1 ha að stærð, auk 2 ha íbúðarhúsaloðar.  
**Nefndin frestar afgreiðslu málsins og felur byggingarfulltrúa að ræða við umsækjanda varðandi breytingar á upprætti.**

**8. Stöðvun byggingarframkvæmda að Stakkhamri.**

Stöðvunin var skv. bréfi dags. 25. september sl. sem afhent var með birtingarpósti dags. 29.09.2008. Bréfið var ritað í kjölfar vettvangsskoðunar skipulags- og

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

byggingarfulltrúa þar sem í ljós kom að farnar voru af stað byggingarframkvæmdir við landbúnaðarbyggingu á bænum Stakkhamri í Eyja- og Miklaholtshreppi og var þakvirkið að hluta til risið. Ekki hafði verið sótt um leyfi skipulags- og byggingarnefndar fyrir mannvirkinu.

**Nefndin felur byggingarfulltrúa að rita eigendum jarðarinnar bréf varðandi framhald málsins.**

**9. Erindi dags. 22.09.2008 frá Gunnari Sturlusyni varðandi landskipti í Hrísdal. Samþykkt.**

**10. Erindi frá Ástþóri Jóhannssyni, Dal.**

Dalur lnr. 136126. Sótt er um leyfi til að rífa eftirtalin mannvirki. Ekki stendur til að byggja að nýju.

03-0101 Fjánhús, 140,9 m<sup>2</sup>.

04-0101 Hlaða, 78 m<sup>2</sup>.

**Samþykkt með þeim áskilnaði að viðkomandi eignir séu veðbandalausar skv. veðmálabókum sýslumanns.**

**11. Erindi frá Einari Sigfússyni f.h. Akurholts ehf / Geiteyris ehf.**

Höfði lnr. 136109. Sótt er um leyfi til að rífa eftirtalin mannvirki. Ekki stendur til að byggja að nýju.

a) 03-0101 Fjánhús 32,6 m<sup>2</sup>

b) 04-0101 Fjánhús 193,8 m<sup>2</sup>

c) 05-0101 Hlaða 120,9 m<sup>2</sup>

d) 06-0101 Hlaða 38,0 m<sup>2</sup>

e) 08-0101 Geymsla 8,7 m<sup>2</sup>

f) 11-0101 Fjánhús 62,3 m<sup>2</sup>

g) 13-0101 Hesthús 26,0 m<sup>2</sup>

**Samþykkt með þeim áskilnaði að viðkomandi eignir séu veðbandalausar skv. veðmálabókum sýslumanns.**

**12. Erindi frá Einari Sigfússyni f.h. Akurholts ehf / Geiteyris ehf.**

Ytri-Rauðimelur lnr. 136115. Sótt er um leyfi til að rífa eftirtalin mannvirki. Ekki stendur til að byggja að nýju.

a) 02-0101, Einbýli 108,5 m<sup>2</sup> (fastanúmer 211-3085)

b) 04-0101 Fjánhús 227,4 m<sup>2</sup>

c) 05-0101 Hesthús 31,5 m<sup>2</sup>

d) 06-0101 Hlaða 34,3 m<sup>2</sup>

e) 08-0101 Alifuglahús 9,5 m<sup>2</sup>

f) 11-0101 Véla / verkfærageymsla 34,3 m<sup>2</sup>

g) 12-0101 Sumarbústaður ? m<sup>2</sup>

**Samþykkt með þeim áskilnaði að viðkomandi eignir séu veðbandalausar skv. veðmálabókum sýslumanns.**

**13. Erindi frá Einari Sigfússyni f.h. Akurholts ehf.**

Akurholt lnr. 136096. Sótt er um leyfi til að rífa eftirtalið mannvirki. Ekki stendur til að byggja að nýju.

a) 02-0101 Íbúð 144,9 m<sup>2</sup> (fastanúmer 211-2981)

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

Samþykkt með þeim áskilnaði að viðkomandi eignir séu veðbandalausar skv. veðmálabókum sýslumanns.

## 14. Erindi frá Einari Sigfússyni f.h. Geiteyris ehf.

Gerðuberg lnr. 136099. Sótt er um leyfi til að rífa eftirtalin mannvirki. Ekki stendur til að byggja að nýju.

- a) 04-0101 Fjánhús 120,0 m<sup>2</sup>
- b) 05-0101 Fjánhús 100,0 m<sup>2</sup>
- c) 07-0101 Hlaða 139,0 m<sup>2</sup>
- d) 08-0101 Bogaskemma 114,8 m<sup>2</sup>
- e) 09-0101 Votheysturn 12,5 m<sup>2</sup>
- f) 11-0101 Geymsla 24,0 m<sup>2</sup>
- g) 12-0101 Geymsla 14,4 m<sup>2</sup>

Samþykkt með þeim áskilnaði að viðkomandi eignir séu veðbandalausar skv. veðmálabókum sýslumanns.

## 15. Til kynningar:

- a) Niðurstaða grenndarkynningar vegna Miklaholts 2.
- b) Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 14. júlí sl. vegna veitingu meðmæla um undanþágu frá skipulagi sbr. 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Eins og kunnugt er áttu öll sveitarfélög að hafa lokið við gerð aðalskipulags fyrir 1. janúar 2008. Skipulagsstofnun hefur bréflaga tilkynnt öllum sveitarfélögum, sem ekki hafa staðfest aðalskipulag, að frá og með 1. nóvember 2008 verði ekki lengur veittar undanþágur frá skipulagi sbr. 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.
- c) Framkvæmdaleyfi vegna ristahliðs að Ytra-Lágafelli.

## 16. Önnur mál.

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð lesin upp.

Fundi slitið kl. 23:00.